

Ársskýrsla

2021

# Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum



## Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	3	Íslenska fyrir fólk af erlendum uppruna	23
Inngangur forstöðumanns	4	Fullorðinsfræðsla fatlaðs fólks	25
Stjórn MSS	9	Náms- og starfsráðgjafar	26
Starfsfólk MSS	10	Samvinna - starfsendurhæfing	30
Fyrirmyndir í námi fullorðinna	12	Erlend verkefni	40
Gagn og gaman	13	Þróunarverkefni	45
Almennt nám	17	Ársreikningur 2021	47

Við sjáum nú fyrir endann á heimsfaraldri sem herjað hefur á heimsbyggðina undanfarin tvö ár. Margir eru orðnir langþreyttir og löngu kominn tími á að komast aftur í það líf sem við áður þekktum.

Geldingadalir eru komnir í dvala, eldgosíð hætt og jarðskjálftahrinan samhliða því – í bili að minnsta kosti. Ýmsar áskoranir hafa komið inn á borð Suðurnesjamanna undanfarin ár. Herinn fór og tók með sér hundruð starfa, WOW féll sem hafði í för með sér mikið atvinnuleysi á svæði þar sem alþjóðaflugvöllur skapar hundruð starfa, Covid skall á sem dró úr ferðaþjónustu og þar með jókst atvinnuleysi aftur.

Við allar þessar aðstæður hefur MSS alltaf aðlagað sig og boðið upp á nám sem hentar hverju tímaskeiði og þeirri þörf sem samfélagið kallar eftir hverju sinni. Stofnunin er öflug og henni er vel stýrt. Skipulag og framboð er vandað og alltaf er eitthvað fyrir alla að finna sér eins og sjá má í samantekt ársskýrslunnar hér fyrir neðan.

## Endir á heimsfaraldri

Á sama tíma og við búum okkur undir byr í seglin, öfluga ferðaþjónustu og fjölbreytt atvinnulíf blasir nú við breytt heimsmynd: Stríð í Evrópu. Tíminn einn getur leitt í ljós hvaða áhrif þau átök koma til með að hafa á Ísland og Suðurnes. En það er gott og nauðsynlegt að undirbúa sig vel.

Án þess að ætla að lesa í kristalskúlu með framhaldið, blasir við ný staða hér á Íslandi sem og annars staðar í Evrópu. Móttaka flóttamanna er næsta verkefni okkar allra. Í skýrslu sem Rauði krossinn gaf út fyrir 3 árum voru margar hindranir á vegi flóttafólks sem vildi mennta sig á Íslandi. Aðgengi þeirra að menntun á framhalds- og háskólastigi er verulega skert.

Eitt af þeim atriðum sem talin eru upp varðandi verkefni sveitarfélaga við móttöku flóttamanna er grunnmenntun fyrir fullorðna. Þetta er talið upp ásamt fjölda annarra verkefna sem tekin eru saman inn í kostnað sveitarfélaga við móttöku flóttafólks.


Þarna sinna sí- og endurmenntunarmiðstöðvar gríðarlega miklu og mikilvægu hlutverki með sína öflugu innviði og reynslu. Þarna getur ríkið eflt þjónustu við þá einstaklinga sem hafa þurft að flýja sitt heimaland og boðið þeim að sækja námskeið í sí- og endurmenntunarmiðstöðvum víða um land með fjárhagslegri aðkomu ríkisins. Það er ekki síst mikilvægt upp á að komast í félagsleg tengsl við aðra á svæðinu. Innviðir MSS eru sterkir og utanumhald með besta móti.

Fyrir hönd stjórnar MSS þakka ég öllum þeim sem komið hafa að starfssemi MSS fyrir þeirra framlag. Öllum þeim sem hafa sótt sér þekkingu til miðstöðvarinnar óska ég velgengni á vegferðinni framundan. Stjórn MSS og forstöðumanni þakka ég kærlega fyrir gott samstarf í gegnum árin.

*Grindavík, mars 2022.*  
**Kristín María Birgisdóttir**  
*stjórnarformaður MSS*



## Starfsemi í nýjum veruleika



Heildarfjöldi þátttakenda eftir árum

Árið 2021 hóf göngu sína undir sterkum áhrifum af Covid 19 faraldrinum. En miklar samkomutakmarkanir voru í landinu. Það er óhætt að segja að Covid hafi gegnsýrt samfélagið, ýmist var þjóðin full bjartsýni og afléttingar framundan eða samkomutakmarkanir voru hertar enn á ný. En starfsemi MSS hélt sínu striki þó vissulega hafði ástandið haft mikil áhrif á hvernig starfsemin var.

Að vera í góðu samstarfi við aðrar stofnanir á svæðinu sýndi sig að skipti miklu máli við þessar óvenjulegu aðstæður. MSS getur stært sig af því að vera í góðu samstarfi við ýmsa aðila í samfélaginu. Þetta góða samstarf gerir það að verkum að við getum auðveldar náð til okkar markhóps. MSS er í mjög góðu samstarfi við Vinnumálastofnun, félagsþjónustur á svæðinu, sveitarfélögin, VIRK, aðrar menntastofnanir o.s.frv.

Vinnumálastofnun fékk stórt hlutverk þegar ríkisstjórnin setti verkefnið Nám er tækifæri á laggirnar.

Hluti af því verkefni fór í gegnum Fræðslusjóð og þar kemur aðkoma símenntunarmiðstöðva að verkefninu. Gott samstarf og góðar verklagsreglur urðu til þess að verkefnið nýttist mjög vel hér á Suðurnesjum og margar námsleiðir voru settar í gang til að efla einstaklinga í atvinnuleit bæði persónulega og í tengslum við störf. Því er óhætt að segja að þetta verkefni nýttist atvinnuleitendum á Suðurnesjum einstaklinga vel.

Innflytjendur eru stór hluti af íbúum Suðurnesja og hefur MSS sinnt þeim hópi frá upphafi. Námsframboð er sífellt að verða meira og margar námsleiðir kenndar á ensku sem og á pólsku. Einnig eru námsleiðir kenndar með túlki þegar svo ber undir. Ánægjulegt er að Reykjanesbær er að leggja mikla áherslu á þennan hóp og er gott samstarf við fjölmenningsarteymið hjá Reykjanesbæ. Vorum við í samstarfi um námskeiðið Virkni og vellíðan þar sem haldin voru þrjú námskeið, tveir blandaðir hópar og einn pólskur.

Áherslan í náminu var að efla einstaklingana, auka virkni og vellíðan þeirra, aðstoða þau við að finna sér þann farveg sem þau stefna að, eins og atvinnu- og námstækifæri sem henta hverjum og einum. Samstarfið á milli Reykjanesbæjar og MSS gekk mjög vel, haldnir voru reglulegir stöðufundir og voru allir aðilar sammála um gagnsemi og mikilvægi þessa námskeiða og hve þarft verkefnið Virkni og vellíðan var fyrir hópinn.

Fyrirtæki á svæðinu voru tiltölulega lítið að sinna sí- og endurmenntun enda ástandið mjög ótryggt vegna smithættu og samkomutakmarkana og því var starfsemin á því sviði mjög lítil eins og árið á undan.

Þó voru einstaka fyrirtæki sem nýttu tækifærið þegar samkomutakmarkanir voru rýmkaðar. MSS lagði sig mjög fram um að passa upp á allar sóttvarnir og erum við mjög ánægð með að á þessum tveim árum sem Covid hefur geisað höfum við aldrei þurft að loka og engin smit hafa verið rakin til MSS.

Því má m.a. þakka að allir gerðu sitt besta hvort sem það voru starfsmenn, verktakar eða viðskiptavinir.

Vissulega var ákveðin starfsemi sem átti undir högg að sækja í þessu ástandi eins og styttri námskeið og námskeið fyrir fyrirtæki en hins vegar þá voru mun fleiri námsleiðir í boði og fjölgaði heildarfjölda kennslustunda mikið og hafa stundirnar aldrei verið eins margar frá upphafi. Því er óhætt að segja að starfsemi MSS hafi ekki dregist saman á árinu heldur bara aukist. Enda er það leiðarljós MSS að vera sveigjanleg og það felur í sér að bregðast ávallt við þeim aðstæðum sem uppi eru og sinna íbúum Suðurnesja þar sem þeir eru staddir á sinni lífsleið.

### **Innri mál MSS**

Haldið var áfram að vinna vel að innri málum MSS og voru nokkur mál tekin sérstaklega fyrir á árinu. Persónuverndarmálin voru tekin föstum tókum og fengum við okkur til aðstoðar lögfræðing sem hjálpaði okkur að

klára öll mál sem sneru að þessum málaflokki. Horft var á málin út frá öllum hliðum hvort sem um væri að ræða námshlutann hjá MSS eða Samvinnu starfsendurhæfingu þar sem mjög viðkvæm mál eru til staðar.

Það hefur frá upphafi verið eitt einkenni starfseminnar hjá MSS að umhverfi námsmanna sé hlýlegt og taki vel á móti öllum viðskiptavinum okkar. Þegar við fluttum úr „krúttlega“ húsnæðinu að Skólavegi 1 yfir í „höllina“ í Krossmóanum þá var okkar aðal áhyggjuefni hvort við myndum ná að viðhalda því hlýlega andrúmslofti sem hefur fylgt MSS alla tíð. Miðað við okkar kannanir og það sem við höfum heyrt frá fyrrverandi viðskiptavinum þá teljum við að okkur hafi tekist að skapa það umhverfi sem við höfum ávalt stefnt að. Mótttakan var endurnýjuð á árinu og hún dregin fram til að viðskiptavinurinn myndi sjá strax og hann kæmi inn hvert hann ætti að leita.

Framkvæmdin tókst mjög vel og hefur þjónustustigið við viðskipavini stóraukist við þessa breytingu.

Einnig var ákveðið að endurnýja að hluta húsbúnað miðstöðvarinnar og var helsta leiðarljósið við þá vinnu að skapa hlýlegt umhverfi. Ásamt endurnýjun á töluverðum húsbúnaði þá var húsnæðið málað í hlýlegum litum. Árangurinn er að okkar mati mjög góður.

Einnig var hugað að hljóðvist í húsnæðinu og loftplötum skipt út í almenna rýminu og eru þær nýju sérstaklega hljóðdempandi.

Starfsfólk MSS skoðaði vel gildi MSS og hvort þyrfti að uppfæra þau. Niðurstaðan var að gildin standa enn vel fyrir sínu og lítil þörf er á breytingum.

**Gildi MSS eru fagmennska, samskipti og þróun.**


**Fagmennska** — Sérþekking, símenntun og fagleg vinnubrögð  
MSS leggur áherslu á að við stofnunina starfi hæfir og framsæknir einstaklingar með sérþekkingu á sínu sviði. MSS leggur áherslu á að starfsmenn stundi fagleg vinnubrögð og leitist við að efla sig í starfi með sí- og endurmenntun.

**Samskipti** — Trúnaður, traust og virðing


Samskipti innan MSS skulu einkennast af trúnaði, trausti og virðingu. Starfsfólk MSS, hvert á sínu sviði, leitast við að byggja upp gott orðspor sem verður sem flestum hvatning til að nýta sér þjónustuna.

**Þróun** — Sköpun, sjálfstæði og frumkvæði

MSS hefur áræðni til að skapa og fylgja eftir hugmyndum í síbreytilegu samfélagi. Það er ábyrgð allra starfsmanna að taka þátt í þeirri vinnu með sjálfstæði og frumkvæði.



Heildar fjöldi nemendastunda á námskeiðum



Heildarfjöldi námskeiða eftir árum

Starfsfólk ákvað á árinu að útbúa sérstök leiðarljós varðandi samskipti. Bæði samskipti milli okkar starfsmanna og einnig hvernig við viljum koma fram út á við.

### Leiðarljós MSS

1. *Þjófða alla velkomna með því að heilsa, kveðja og brosa.*
2. *Sýna aðgát, ábyrgð og hreinskilni í hegðun og tali.*
3. *Hjálpa, styðja og hrósa hvert öðru.*
4. *Horfa á það jákvæða frekar en það neikvæða.*
5. *Skapa okkur gæðastundir saman.*

Það er von okkar og trú að með því að halda á lofti þessum gildum þá munum við ná þeim árangri sem við viljum og bæði starfsmönnum sem og viðskiptavinum líði vel í MSS.

### Gæðamál og innra mat

Starfsfólk MSS leggur mikla áherslu á gæðastarf og er innra mat því mjög mikilvægt. Hluti af innra mati stofnunarinnar eru námskannanir sem eru lagðar fyrir í öllum námsleiðum MSS. Markmið MSS er að ávallt séu a.m.k. 80% viðskiptavina ánægðir með þá vöru og þjónustu sem þeir fá hjá MSS. Þættir sem spurt er út í varða námskeiðið sjálft, kennsluna, þjónustu starfsmanna og aðstöðu hjá MSS. Kannanirnar sýna að við förum langt fram úr því. Í þeim tilfellum sem óánægja kemur upp þá er brugðist strax við því og bætt úr.

Í byrjun hvers árs tekur MSS þátt í könnun VR um fyrirtæki ársins þar sem spurt er um viðhorf til níu lykilþátta í innra starfsumhverfi. Þættirnir eru stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ánægja og stolt, ímynd fyrirtækis og jafnrétti.

Niðurstöðurnar eru mjög góðar og er heildarniðurstaða 4,64 af 5 mögulegum og er aðeins hærra en meðaltal annarra fyrirtækja í sama stærðarflokki. MSS skorar hærra að meðaltali í öllum flokkum en önnur fyrirtæki í þessum stærðarflokki að undanteknum þættinum jafnrétti. Þar eru tveir þættir sem draga einkunina niður en það eru spurningarnar „á mínum vinnustað vinnur fjölbreyttur hópur“ og „á mínum vinnustað eru bæði konur og karlar í ábyrgðarstöðum“. Má leiða líkum að því að þar sem langstærsti hluti starfsfólks eru konur og einungis konur eru í stjórnunarstöðum þá er þessi niðurstaða í takti við raunveruleikann á vinnustaðnum.

Starfsmannaviðtöl eru tekin árlega og studdu þau niðurstöður könnunar VR.

### Lokaorð

Árið 2021 var annað árið í röð sem við störfuðum í skugga Covid 19. Starfsfólk var vissulega orðið reynslunni ríkari og gat brugðist við öllum aðstæðum hratt og örugglega. Polið var þó orðið minna bæði innan okkar stofnunar sem og almennt í samfélaginu og almenn þreyta gagnvart ástandinu. En það er óhætt að segja að það er aðdáunarvert hvað allir tókust vel á við aðstæður og voru duglegir við að finna lausnir og halda í jákvæðnina þegar Covid sló okkur niður aftur og aftur. Ég vil þakka starfsfólki fyrir einstaklega vel unnin störf, jákvæðni og að vera ávallt lausnamiðuð í oft erfiðum aðstæðum. Stjórn MSS þakka ég fyrir mjög gott samstarf á árinu.

**Guðjónína Sæmundsdóttir**  
forstöðumaður MSS





## Stjórn



**Kristín María Birgisdóttir**

Stjórnarformaður, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum. Varamaður: Þuríður Gísladóttir.



**Ellert Eiríksson**

Atvinnurekendur.



**Ólafur Magnússon**

Stéttarfélag.  
Varamaður: Guðbjörg Kristmundsdóttir.



**Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir**

Reykjanesbær.  
Varamaður: Berglín Bergsdóttir.



**Kristján Ásmundsson**

Fjölbrotaskóli Suðurnesja.  
Varamaður: Guðlaug M. Pálsdóttir.

Stjórn hélt þrjú bókaða fundi á árinu 2021.

## Starfsfólk



**Áslaug Bára Loftsdóttir**  
verkefnastjóri, 100% starf.



**Guðjónína Sæmundsdóttir**  
forstöðumaður, 100% starf.



**Hrannar Baldursson**  
verkefnastjóri, 100% starf.



**Birna Vilborg Jakobsdóttir**  
markaðs- og gæðastjóri, 100% starf.



**Gunnrún Theodórsdóttir**  
ráðgjafi Samvinnu, 100% starf.



**Hrönn Auður Gestsdóttir**  
þjónustufulltrúi, 100% starf til 27. janúar.



**Eydís Eyjólfsdóttir**  
þjónustufulltrúi, 80% starf.



**Hólmfríður Karlsdóttir**  
verkefnastjóri / deildarstjóri, 100% starf.



**Inga Sif Ingimundardóttir**  
Náms- og starfsráðgjafi, 100% starf frá 1. mars.



**Jóhann Birnir Guðmundsson**  
Verkefnastjóri, 100% staf frá 18. október.



**Monika Krus**  
verkefnastjóri, 100% starf.



**Steinunn Jónatansdóttir**  
náms- og starfsráðgjafi / deildarstjóri,  
100% starf.



**Kristinn Bergsson**  
þjónustufulltrúi og tæknimaður, 100% starf.



**Nanna Bára Maríasdóttir**  
verkefnastjóri, 100% starf.



**Sunna Hafsteinsdóttir**  
ráðgjafi Samvinnu, 100% starf.



**Kristín Hjartardóttir**  
verkefnastjóri, 100% starf.



**R. Helga Guðbrandsdóttir**  
ráðgjafi Samvinnu / deildarstjóri, 100% starf.



**Sveindís Valdimarsdóttir**  
verkefnastjóri, 100% starf.



**Linda Björk Pálmadóttir**  
verkefnastjóri, 85% starf.



**Sigríður Helga Georgsdóttir**  
þjónustufullrúti, 100% starf frá 1. mars.



**Þórdís Marteinsdóttir**  
ráðgjafi Samvinnu, 100% starf.

## Fyrirmyndir í námi fullorðinna

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) veitir fyrirmyndum í námi fullorðinna viðurkenningu árlega. Viðurkenningin er veitt til þeirra sem hafa skarað fram úr og sýnt góðan námsárangur, frumkvæði og kjark við að yfirstíga ýmsar hindranir.

Fyrirmyndirnar eru valdar úr hópi tilnefninga frá samstarfsaðilum Fræðslumiðstöðvarinnar. Viðurkenningin hefur verið veitt til tveggja einstaklinga árlega og var veitt í fyrsta skiptið árið 2009.

Þeir einstaklingar sem hafa fengið þessa viðurkenningu og hafa verið tilnefnd frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum eru:

**Árið 2010** — *Hjördís Unnur Másdóttir.*  
Hjördís lauk námi í Menntastoðum hjá MSS.

**Árið 2011** — *Jón Heiðar Erlendsson.*  
Jón lauk námi í Menntastoðum hjá MSS.

**Árið 2017** — *Jana Kharatian.*

Jana kláraði íslensku 1. - 4. og að því loknu fór hún í nám fyrir skólaliða og lauk einnig tveggja ára námi á leikskóla- og stuðningsfulltrúabraut.

**Árið 2019** — *Herdísi Ósk Sveinbjörnsdóttur.*

Herdís kom inn í Samvinnu starfsendurhæfingu og lauk námsleiðinum Aftur í nám, Kvikmyndasmiðju, Grunnmenntaskólanum og Menntastoðum.

**Árið 2020** — *Guðbergur Reynisson.*

Guðbergur lauk námi í Sölu-, markaðs- og rekstrarnámi.

**Árið 2021** — *María Sigurðardóttir.*

María lauk námi í Skrifstofuskóla I og Menntastoðum.



## Gang og gaman, nám fyrir einstaklinga



Flokkurinn Gagn og gaman inniheldur námskeið sem að einstaklingar sækja sér til skemmtunar og fróðleiks.

Þátttaka í þessum flokki og framboð voru frekar dræm þetta árið, en leiða má líkum að því að Covid faraldurinn sem að heimurinn er enn að kljást við hafi áhrif þar á.

MSS er í samstarfi við samtökin U3A Suðurnes. U3A stendur fyrir University of the Third Age eða Háskóli þriðja aldurskeiðsins sem er fyrir 60 ára og eldri. Nokkrir hópar eru undir U3A sem hittast reglulega yfir vetrarmánuðina hjá MSS til að ræða saman, hlusta á erindi og fræðast um hin ýmsu málefni. Öll starfsemin er skipulögð af U3A.

Farið var af stað með námskeiðið Olíumálun fyrir byrjendur og fór það vel af stað.

Í heild voru haldin 12 námskeið með 74 einstaklingum í flokknum Gagn og gaman.



Heildarfjöldi þátttakenda eftir árum

**Tungumál**

Haldið var eitt námskeið á árinu í spænsku og voru 10 einstaklingar í því námi.

**Tölvunám**

Haldin voru 13 námskeið í tölvunámi og voru það 106 einstaklingar sem að sátu þau námskeið.


Fjölbreytt úrval var í þessum flokki þetta árið eins og vefsíðunámskeið, social media námskeið, tölvunámskeið fyrir eldri borgara og ýmis exel námskeið bæði fyrir byrjendur, lengra komna og í pivot töflum.

**Fjarnám**


Það voru um 133 nemendur sem nýttu sér aðstöðu hjá MSS til að stunda fjarnám á vor- og haustönn 2021.

Tiltölulega svipað og árið á undan.

Aðstaðan og þjónustan sem fjarnemar geta nýtt sér hjá MSS er margvísleg og má nefna aðstöðu til lærdóms og próftöku.



Heildarfjöldi þátttakenda á tungumálanámskeiðum



Heildarfjöldi þátttakenda á tölvunámskeiðum




Einnig fá namar aðgengi að þjónustu náms- og starfsráðgjafa MSS, prentþjónustu og aðstoð varðandi ýmis tilfallandi atriði sem upp koma og eru tengd náminu.

Alls voru 595 próf haldin á árinu. MSS hafði umsjón með prófum fyrir Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands, Bifröst, Háskólann á Hólum, Landbúnaðarháskóla Íslands, Fjölbrotaskólann við Ármúla og Verkmenntaskóla Austurlands. Skipulag, undirbúningur og yfirseta í prófunum var í höndum MSS. Fjöldi prófa var töluvert hærri en árið á undan þrátt fyrir að mörg próf væru færð í heimapróf vegna covid ástandsins.

28 fjarnemendur frá HA útskrifuðust vorið 2021.

Frá hug- og félagsvísindasviði útskrifuðust 15 nemendur, 7 frá heilbrigðisvísindasviði og 6 frá viðskipta- og raunvísindasviði.



Heildarfjöldi þátttakenda í fjarnámi



## Námsleiðir

Það má segja að árið 2021 hafi verið mjög sérstakt líkt og árið 2020 vegna heimsfaraldursins. Starfsmenn MSS héldu áfram að vinna hörðum höndum að því að endurskipuleggja út frá nýjum sóttvarnareglum. MSS hélt þó áfram að takast á við fjölmörg verkefni sem mörg ganga út á það að aðstoða þátttakendur að ná markmiðum sínum í námi, leik og starfi. Þegar við lítum yfir farinn veg, gerum upp s.l. tvö ár og tökum stöðuna þá má með sanni segja að við höfum ákveðnar væntingar til betri og bjartari kórónulausra tíma.

Fjöldmargir fullorðnir námsmenn fengu tækifæri til náms á Suðurnesjum og víðar, með tilkomu fjarnáms.

Mikilvægt er að nám nemenda sé vel skipulagt og að náms-umhverfi, hvort sem um er að ræða í stað- eða fjarnámi, styðji vel við námið. MSS í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur skipulagt lengri og styttri námsleiðir undanfarin ár en sú færniuppbygging, sem lögð er til grundvallar á lengri bóklegum námsleiðum, er til að styrkja stöðu þátttakenda á næstu stigum náms.

Mikil áhersla er lögð á að læra að læra, efla skipulagsfærni, sjálfstraust í námi og ekki síst sjálfstæði í vinnubrögðum. Mörg/margar námskeið/námsleiðir eru einnig kenndar á ensku og pólsku eftir þörfum eða með aðstoð túlks. Lögð er áhersla á sveigjanlegt nám þar sem nemendur geta nálgast námsefni á netinu, óháð tíma og rúmi en boðið er upp á margvíslegar námsleiðir bæði starfstengdar og í almennum bóklegum greinum. MSS hefur í gegnum árin haldið góðu samstarfi við stofnanir á Suðurnesjum en skjólstæðingar Vinnumálastofnunnar, félagsþjónustu sveitarfélaganna og Fjölsmiðjunnar hafa sótt mörg lengri og styttri námskeið hjá MSS.





## Almennt nám

### Grunnmennt og Menntastoðir

Fullorðnir námsmenn sem hafa ekki lokið grunnskóla, með stutta formlega skólagöngu að baki eða ekki stundað nám í langan tíma geta tekið fyrsta skrefið í Grunnmennt. Námið hentar vel fólki sem vill fara rólega af stað og fá góðan stuðning, hvatningu og leiðsögn frá upphafi. Í náminu er auk kjarnagreinanna lögð áhersla á mikilvæga námsþætti fyrir daglegt líf og störf, svo sem námstækni, sjálfstyrkingu, samskipti og tölvu- og upplýsingatækni. Fyrir þá sem vilja halda áfram menntaveginnum og stefna jafnvel að stúdentsprófi eða ígildi stúdentsprófs þá eru Menntastoðir frábært skref en nemendur geta valið um þrjár mismunandi leiðir, stað-, dreifi- og fjarnám. Mikil aðsókn hefur verið í Menntastoðir en það má skýra með breyttum aðstæðum á vinnumarkaði en meta má námið t.d. sem hluta af bóklegum greinum í iðnnámi.

Lokamarkmið Menntastoða er fyrst og fremst að námsmenn auki færni sína í þeim námsþáttum sem kenndir eru þannig að þeir geti tekist á við nám við frumgreinadeild háskóla eða farið inn í framhaldsskóla, þ.e. uppfylli viðmið á þrepi tvö.

### Stökkpallur

Líkt og áður kom fram hefur gott samstarf myndast á milli MSS og ýmissa aðila í samfélaginu. Námsleiðin Stökkpallur er ætluð ungu fólki sem þarf aðstoð við að komast aftur út í atvinnulífið eða mögulega í nám af einhverju tagi. Námsleiðin fór fram í 88 húsinu en Reykjanesbær hefur boðið MSS að vera með aðsetur þar fyrir Stökkpallinn. Það samstarf hefur haft jákvæð áhrif á þátttakendur sem og á starfsemi í 88 húsinu.

Námsleiðin er skipulögð þannig að tveir leiðbeinendur fylgja hópnun, farið er í vettvangsheimsóknir í fyrirtæki, unnið að ferilskrá, þátttakendur þjálfaðir til atvinnuþátttöku, markmiðassetningar og sjálfsskoðunar. MSS skipulagði í samstarfi við VMST stökkpall fyrir virka atvinnuleitendur með skerta starfsgetu sem tókst með eindæmum vel.

Allir þátttakendur gerðu t.d. ferilskrá og kynningarbréf undir leiðsögn náms- og starfsráðgjafa hjá MSS.

Margir þátttakendanna sendu síðan inn umsókn um starf til fyrirtækja sem hópurinn heimsótti eða hafði fengið fyrirlestur um. MSS skipulagði þær heimsóknir í samstafi við starfsmannastjóra fyrirtækja og leiðtoga Stökkpallsins. Haldin voru sex námskeið fyrir íslensku- og pólskumælandi þátttakendur en allir þátttakendur voru skjólstæðingar Vinnumálastofnunar og velferðarsviðs Reykjanesbæjar. Námskeiðin voru haldin í staðnámi.

### Uppleið – Nám byggt á hugrænni atferlismeðferð (HAM)

Markmiðið er að auka færni námsmanna til að takast á við hamlandi líðan með því að nýta sér aðferðir HAM í daglegu lífi og breyta þannig hugsun, tilfinningum og hegðun og í kjölfarið viðhalda betri líðan. Náminu er ætlað að ná til þeirra einstaklinga innan markhóps framhaldsfræðslu sem síst afla sér menntunar og greiða leið þeirra til áframhaldandi náms og virkni með hvatningu og sjálfstyrkingu að leiðarljósi. Haldin voru tvö námskeið á árinu í staðnámi.


### Starfstengt nám

MSS býður einnig uppá starfstengt nám sem getur veitt einstaklingum tækifæri til þess að efla sig í starfi, skipta um starfsvettvang eða kynnast störfum og starfsgeirum sem vekja áhuga þeirra. Það hefur sýnt sig að þau verkfæri sem MSS hefur til þess að þjónusta markhópin og áralöng reynsla af skipulagi starfstengdra námsleiða virka afar vel.

Þá er sá mikli sveigjanleiki sem starfsemin hefur að bjóða mikill kostur en þar vinna saman námsframboðið sem MSS getur boðið og það hversu fljótt hefur verið hægt að bregðast við.

### Skrifstofuskóli I og II

Skrifstofuskóli I og Skrifstofuskóli II eru ætlaðir þeim sem starfa eða vilja starfa við skrifstofustörf. Námið veitir góðan undirbúning fyrir ýmis konar störf, allt frá móttöku að störfum í bókhaldi. Markvisst hefur verið unnið að því að skapa góða samfellu á milli námsleiðanna með það að markmiði að þátttakendur fái enn betri grunn í þjónustu, bókhaldi og helstu þáttum skrifstofustarfa. Haldin voru tvö námskeið á árinu, bæði í staðnámi.



Heildarfjöldi þátttakenda í FA-námsleiðum.

### Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám er tveggja anna nám og hentar sérstaklega vel fyrir þá sem ganga með viðskipta-hugmynd í maganum og langar að láta drauminn um eigin rekstur rætast. Hagnýtt nám sem skilar beinni afurð í formi viðskiptaáætlunar og plani um markaðsaðgerðir.

Leiðbeinendur voru hver öðrum betri en það var fagmaður úr atvinnulífinu í hverju horni, sem hjálpuðu þátttakendum við stofnun fyrirtækis, kenndu upplýsingatækni, markmiðasetningu, samskipti, markaðssetningu út frá nýjum leiðum, sölutækni og margt annað sem snýr að rekstri fyrirtækja. Námsmenn luku náminu með því að setja upp sölusýningu. Þar var margt spennandi að sjá. Þátttakendur kynntu margmiðlunarfyrirtæki, brugghús, vörugeymslur, sumarbústaða-áætlun, veitingahús, snyrtivörur, innanhúss fallhlífurstökk og margt fleira áhugavert. Kennt var í tveimur hópum, einum íslenskumælandi og öðrum enskumælandi. Bæði námskeiðin voru kennd í dreifinámi með reglulegum staðlotum.

### Grunnnámskeið í fiskvinnslu

MSS starfar náið með ýmsum fyrirtækjum og hefur m.a. skipulagt Grunnnámskeið í fiskvinnslu í samstarfi við fiskvinnslufyrirtæki undanfarin ár. Þá er tekið tillit til álagstíma í fyrirtækjunum og fyrirkomulag námskeiðanna aðlöguð að þörfum fyrirtækjanna. Grunnnámskeið í fiskvinnslu hafa verið kennd reglulega hjá MSS og eru þau ætluð þeim sem starfa að verkun og vinnslu sjávarafurða.

Markmið námsins er að efla faglega hæfni fiskvinnslufólks ásamt því að styrkja starfsfólk varðandi samskipti, sjálfs-traust, líkamsbeitingu og fleira. Haldin voru þrjú námskeið á árinu öll í staðnámi.

### Meðferð matvæla

Meðferð matvæla er námsleið ætluð þeim sem starfa við ýmiskonar matvælavinnslu hvort sem um er að ræða frumvinnslu eða fullvinnslu. Sú námsleið tekur mið af þeirri matvælavinnslu sem námskeiðið er haldið fyrir hverju sinni. Markmið námsins eru m.a. að námsmenn geti útskýrt mikilvægi og ábyrgð starfsmanna matvælaiðnaðar á lýðheilsu, geti útskýrt mikilvægi skipulags, eftirlits, aga og vandvirkni í matvælaiðnaði og þekki algenga gæðastaðla, gæðaferla og aðferðir til að skipuleggja innra eftirlit. Haldin voru sex námskeið fyrir íslensku-, ensku- og pólsku-mælandi þátttakendur en allir þátttakendur voru skjólstæðingar Vinnumálastofnunar. Námskeiðin voru haldin í staðnámi.

### Færni í ferðapjónustu

Færni í ferðapjónustu er námsleið ætluð þeim sem starfa eða hafa hug á að starfa við ferðapjónustu og vilja efla færni sína í að takast á við fjölbreytt úrlausnarefni í því starfi.

Fyrsti hluti námsins getur hentað fyrir nýliða eða sumarstarfsfólk og hélt MSS fjögur slík námskeið á vorönn. Námskeiðin voru haldin fyrir íslensku- ensku- og pólsku-mælandi þátttakendur og voru öll námskeiðin haldin í staðnámi. Allir þátttakendur voru skjólstæðingar Vinnumálastofnunar.



### Samfélagstúlkur

Markmið með náminu er að einstaklingar sem sinna samfélagstúlkun öðlist þá hæfni og færni sem þarf til að sinna skilgreindum viðfangsefnum, samkvæmt hæfnigreiningu starfsins, á árangursríkan hátt og geti þróast í starfi. Einstaklingar sem sækja námið þurfa að hafa gott vald á íslensku og því tungumáli sem þeir túlka. Miklir atvinnu- möguleikar hafa verið fyrir túlka hér á svæðinu og gaman að segja frá því að allir, sem höfðu tök á, fengu verkefni við túlkun eftir útskrift. Námskeiðið var kennt í dreifinámi þar sem að reglulega voru haldnar staðlotur.

### Móttaka og miðlun

Markmið með náminu er að auka hæfni námsmanna við að taka á móti viðskiptavinum og að veita þjónustu og upplýsingar í samræmi við þjónustustefnu fyrirtækja. Í náminu er fjallað um samskipti og þjónustu, notkun fjölbreyttra aðferða við að miðla upplýsingum, svo sem gegnum samskiptamiðla og tölvupóst.



Einnig er fjallað um orðspor fyrirtækja og traust viðskiptavina. Náminu er ætlað að styrkja starfshæfni og sjálfstraust þátttakenda ásamt því að koma til móts við þarfir atvinnulífsins. Haldin voru sex námskeið fyrir íslensku-, ensku- og pólskumælandi þátttakendur og voru námskeiðin haldin í staðnámi. Allir þátttakendur voru skjólstæðingar Vinnumálastofnunar.

### Sterkari starfsmaður

Tilgangur námsins er að efla þekkingu og auka hæfni þeirra sem starfa eða hafa hug á að starfa við almenn skrifstofu- störf. Markmiðið er að auka þekkingu og leikni þátttakenda til að takast á við örar breytingar í atvinnulífinu samfara fjórðu iðnbyltingunni og auka færni sína í upplýsingatækni. Lögð er áhersla á að efla frumkvæði og skapandi hugsun við lausn verkefna. Haldin voru tvö námskeið, eitt íslensku- mælandi og annað enskumælandi og voru þau bæði í stað- námi. Allir þátttakendur voru skjólstæðingar Vinnumála- stofnunar.

### Fagnám í umönnun fatlaðra

Markmið námsins er að auka færni og þekkingu námsmanna á aðstæðum og þörfum fatlaðs fólks til að efla lífsgæði þeirra og virkni.

Í náminu er lögð áhersla á sjálfseflingu, lífsgæði og réttindi fatlaðs fólks með því að veita þeim viðeigandi þjónustu.

Námið er ætlað þeim sem starfa eða vilja starfa við umönnun fatlaðra en í því felst að vinna við þjónustu á heimilum og stofnunum fyrir fatlaða. Það getur einnig hentað þeim sem starfa í þjónustu við aldraða og sjúka og fyrir þá sem vinna með börnum og unglingum í vanda.

Haldin voru tvö námskeið á árinu. Námskeiðið var kennt í dreifinámi þar sem að reglulega voru haldnar staðlotur

### Tæknilæsi og tölvufærni: vinnuumhverfi samtímans

Markmið með náminu er að auka tæknilæsi og tölvufærni námsmanna með það að leiðarljósi að efla hæfni einstaklinga í starfi. Náminu er ætlað að ná til þeirra einstaklinga innan markhóps framhaldsfræðslu sem líklegir eru til að sitja eftir á vinnumarkaði sökum tækniframfara og breytinga á störfum sem þær hafa í för með sér.

Áhersla er á að gera nemendur færari í að takast á við tækniframfarir og breytingar sem orðið hafa í atvinnulífinu með tilkomu nýrra tækni og tækja. Haldin voru fjögur námskeið bæði fyrir íslensku- og enskumælandi og voru námskeiðin í staðnámi.

Allir þátttakendur voru skjólstæðingar Vinnumálastofnunar.


### Smiðja – Kvikmyndasmiðja

Námið er ætlað þeim sem vilja kynnast fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu og fjölbreytt tjáningarform.

Í kvikmyndasmiðjunni kynnast þátttakendur ferlinu í kvikmyndagerð, frá hugmyndavinnu að handritaskrifum, upptökum, klippingum og að lokum sýningu á fullbúinni stuttmynd. Það er mjög áhugavert að sjá afrakstur smiðjunnar í lokin og ljóst að vinna sem þessi hefur margvísleg áhrif á þátttakendahópinn.

Allir þátttakendur voru skjólstæðingar Vinnumálastofnunar og var námskeiðið haldið í staðnámi.

## Íslenska fyrir fólk af erlendum uppruna



Heildarfjöldi þátttakenda eftir árum

Alls sóttu 453 nemendur almenn 60 kennslustunda íslenskunámskeið á árinu 2021.

Það voru 323 nemendur á vorönn og 130 nemendur á haustönn, þar af voru 10 nemendur sem luku einstaklingsnámskeiði í íslensku.

Á vorönn var mikill áhugi fyrir því að læra íslensku, lítið um takmarkanir vegna covid og mikil aðsókn í nám. Haustönnin fór rólega af stað, námskeiðin fóru almennt ekki af stað fyrr en í september og minni aðsókn var í íslenskunám en á vorönn.

Íslenskunámskeiðin eru kennd fyrir og eftir hádegi, seinnipartinn og á kvöldin, með því móti getum við aðlagð nám og námskeið að þörfum þeirra sem sækja íslenskunámskeiðin.

Kennslan fór fram í Reykjanesbæ, Grindavík og í fjar-kennslu.

Í boði eru íslenskunámskeið á stiginum 1-5, ásamt sérstökum talnámskeiðum og námskeiði í grunnfærni. Skiptingin á árinu er eftirfarandi: , **sjá töflu á næstu síðu.**

60 stunda íslenskunámskeið

Vorönn 2021	
<i>Íslenska grunnfræði.</i>	<i>engir nemend.</i>
<i>Íslenska 1</i>	<i>137 nemendur</i>
<i>Íslenska 2</i>	<i>116 nemendur</i>
<i>Íslenska 3</i>	<i>53 nemendur</i>
<i>Íslenska 4</i>	<i>17 nemendur</i>

Haustönn 2021	
<i>Íslenska grunnfræði.</i>	<i>engir nemend.</i>
<i>Íslenska 1</i>	<i>59 nemendur</i>
<i>Íslenska 2</i>	<i>35 nemendur</i>
<i>Íslenska 3</i>	<i>31 nemendur</i>
<i>Íslenska 4</i>	<i>5 nemendur</i>

Alls voru haldin 33 námskeið á árinu og komu 12 kennarar að kennslu þeirra.

Nemendur sem sóttu íslenskunámskeið hjá okkur komu á eigin vegum eða á vegum t.d. Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar, Vinnumálastofnunar, frá fyrirtækjum á svæðinu og á vegum Virk og Samvinnu.

Hluti af starfi okkar hjá MSS er að veita nemendum ráðgjöf og aðstoð eftir þörfum í námi og starfi.

Á árinu 2021 leituðu þó nokkrir erlendir nemendur sér ráðgjafar hjá náms- og starfsráðgjafa og verkefnastjórum sem sinna að miklu leyti námi fyrir nemendur af erlendum uppruna. Meðal verkefna var að leiðbeina nemendum áfram í námi og að útbúa eða uppfæra ferilskrár með þeim.



## Fullorðinsfræðsla fatlaðs fólks

MSS er með samning við Fjölmennt um námskeiðahald fyrir fullorðið fatlað fólk á Suðurnesjum. Starfið er fjölbreytt og vel sótt.

Það er óhætt að segja að listin og heilsan hafi verið alls ráðandi í námskeiðahaldinu í ár. Sönghópurinn Gimsteinar áttu sinn sess og voru námskeið á hvorri önn fyrir sig. Haldin voru þrjú listanámskeið, eitt námskeið þar sem unnið var með keramik, ein jólalistasmiðja og ein smiðja þar sem búið var til fallegt páskaskraut. Haldin var ein kvikmyndasmiðja sem heppandi mjög vel.

Hugað var að heilsunni og var líkamsræktarnámskeið á hvorri önn fyrir sig. Námskeiðið var ætlað þeim sem vilja skella sér í ræktina og komast í form á sínum forsendum. Lögð var áhersla á æfingar sem henta getu og áhugasviði þátttakenda. Einnig var í boði reiðnámskeið þar sem þátttakendur fengu að kynna hestamennsku.

Farið var yfir grunnatriði og öryggisþætti reiðmennsku, farið á bak og í reiðtúr.

Boðið var upp á rafíþróttanámskeið sem miðaði að því að spila skemmtilega tölvuleiki undir leiðsögn þjálfara frá Rafík. Námskeiðið hentaði bæði byrjendum sem og þeim sem voru lengra komnir í tölvuleikjaspilun. Matreiðslunámskeið var í boði á báðum önnunum.

Gott samstarf hefur verið við Björgina, geðræktarmiðstöð Suðurnesja með námskeiðið Hugur og heilsa. Vegna Covid þá var námskeiðinu hins vegar aflýst þetta árið.

**Alls voru haldin 12 námskeið með 63 nemendum.**




## Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafar leggja mikla áherslu á sýnileika, að vera til taks og að vera nemendum og öðrum þjónustugegum miðstöðvarinnar innan handar.


Í byrjun árs 2021 starfaði einn náms- og starfsráðgjafi hjá MSS, í mars hóf svo Inga Sif Ingimundardóttir, náms- og starfsráðgjafi störf.

Árið 2021 voru tekin 731 náms- og starfsráðgjafarviðtöl sem eru ívið færri en árið á undan. Kynin skiptust þannig að 292 karlar þáðu ráðgjöf á móti 439 konum.

Ef skoðaður er aldur þeirra sem sóttu ráðgjöf hjá MSS þá er sá yngsti 18 ára en sá elsti 61 árs, meðalaldur var 31,3 ár.



Heildarfjöldi þátttakenda eftir kyni ■ Konur ■ Karlar



■ Nám og námstilboð ■ Annað ■ Aðstoð við starfsleiðir/ferilskrá ■ Starfsfræðsla ■ Áhugasviðsgreining ■ Tilvísun til annarra sérfræðinga ■ Raunfærnimat ■ Persónuleg málefni ■ Annað

Ástæða viðtala var þannig skipt að 167 komu til að fá aðstoð við starfsleit/ ferilskrágerð, 62 komu í starfsfræðslu, 20 í áhugasviðsgreiningu, 52 til að fá aðstoð við námstækni/vinnubrögð, 103 vegna persónulegra mála, 135 raunfærni-matsviðtöl voru tekin, 11 manns var vísað til annarra sérfræðinga og 169 komu til að fá upplýsingar um nám eða námstilboð, restin kom vegna ýmissa annarra vandamála eða blöndu af ofangreindu.


### Ráðgjöf til nemenda

Eins og fram hefur komið voru færri viðtöl tekin 2021 en árið á undan. Það sem hefur helst áhrif þar er að fyrstu tvo mánuði ársins var einungis einn starfandi náms- og starfsráðgjafi, eins má skýra það að einhverju leyti vegna aðstæðna í samfélaginu.

Viðtölin skiptust þannig að 120 einstaklingar komu í hóp-ráðgjöf, 12 hvatningarviðtöl voru tekin og 599 einstaklingsviðtöl. Hvatningarviðtöl eru þau viðtöl sem eru tekin af öðrum en náms- og starfsráðgjöfum en falla undir sama efni.

Ef skoðað er ríkisfang þeirra sem þáðu ráðgjöf eru 601 með íslenskt ríkisfang. Stærsti hluti erlendra ráðþega eru með pólskt ríkisfang en þeir töldu 56 á meðan aðrir dreifast á önnur ríkisföng.

Áhersla er lögð á að kynna ráðgjöfina vel í öllum námsleiðum, þannig ná náms- og starfsráðgjafar til allra þeirra hópa sem stunda nám innan MSS.



■ Einstaklingsráðgjöf ■ Hópráðgjöf ■ Hvatningarviðtal

Áhersla er lögð á sýnileika, þjónustulund og lausnamiðaða hugsun. Náms- og starfsráðgjafar sinna öllum þeim sem leita til Miðstöðvarinnar og samkvæmt skýrsluvef voru um 10% ráðþega sem töldust utan markhóps sem leituðu til miðstöðvarinnar.

Covid hafði enn töluverð áhrif á nemendur og starfsmenn með áskorunum á borð við fjöldatakmarkanir, grímunotkun, einangrun og sóttkví. Því reyndi mikið á utanumhald, hvatningu og eftirfylgni. Eins og áður felst áskorunin oftar en ekki í því að viðhalda trú á eigin getu og seiglu nemenda ef eitthvað kemur uppá. Við fundum fyrir miklum kvíða og álagi á nemendur, því var mikið lagt upp út tengslamyndun. Við teljum að kjarni náms- og starfsráðgjafar sé eins og undanfarin ár að vera til staðar fyrir þá einstaklinga sem til okkar leita, fara til þeirra sem koma ekki sjálfir og leggjum við mikla áherslu á að mynda tengsl við nemendur.

Þannig er fólk líklegra til að nýta ráðgjöfina og þau verkfæri sem náms- og starfsráðgjafar bjóða uppá. Samvinna allra deilda og þverfagleg aðstoð er gríðarlega öflug innan MSS og sterkt vopn til að sporna gegn brotthvarfi nemenda. Rafræn ráðgjöf hefur ávallt verið í boði og hefur aukist síðustu ár. Áskorun ráðgjafa felst í að halda í við tæknina, þora að taka skrefin sem þarf og halda í þá þróun sem á sér stað í geiranum. Samhliða þeirri þjónustu sem veitt er hjá MSS í dag er þróunin góð og eykur á möguleika í ráðgjöf og að ná enn betur til markhópsins. Ástandið síðastu tvö ár hefur eftl okkur og víkkað sjóndeildarhringinn okkar í ráðgjöf að mörgu leyti.

Náms- og starfsráðgjafar voru með starfstengda fræðslu fyrir Samvinnu starfsendurhæfingu ásamt námskeiði um trú á eigin getu.



### Áhersluatriði

Í fullorðinsfræðslu hefur verið aukið áhersla á endurmenntun ráðgjafa í rafrænni ráðgjöf og var til að mynda haustfundur ráðgjafa í fullorðinsfræðslu, sem haldinn var á Ísafirði í september að miklu leyti tileinkaður rafrænni ráðgjöf, ásamt fjölmenningu. Mikilvægt er að halda í þá þróun sem á sér stað á vinnumarkaði þar sem tækni- og fjarvinna er í auknum mæli að ryðja sér til rúms. Eins og áður höldum við áfram að finna leiðir í takt við markhópin og tækniþróun. Fjölmennung er mikil á svæðinu og því mikilvægt að ráðgjafar séu meðvitaðir um þá þætti sem hafa áhrif þar.

Ráðgjafar MSS sóttu námskeiðið „Fjölbreytnin auðgar, samtal um góða þjónustu í samfélagi margbreytileikans“.

### Samstarf

Sú breyting var á að ráðgjafarnir unnu sameinginlega að námsleiðum og verkefnum, engin eiginleg skipting var niður á deildir eins og árið áður, nema að því leyttinu til að skipta sér niður á Menntastöðir og Grunnmennt.

Ráðgjafar héldu vel utan um hópana og settu sig í auknu mæli í samband við nemendur, eins og undanfarin ár og vel var fylgst með námsframvindu og líðan. MSS leggur áherslu á teymisvinnu ráðgjafa sem og verkefnastjóra, í kringum allar námsleiðir var teymi samansett úr verkefnastjóra, kennara og ráðgjafa þar sem allir lögðust á eitt við að hlusta eftir þörfum ráðþega. Þessi leið hefur gefist vel og því var áframhaldandi áhersla á samvinnu þessara einstaklinga með reglulegum fundum.

Ráðgjafar MSS vinna í góðu samstarfi við stoðþjónustur á svæðinu. Mikil og góð samvinna var við Vinnumálastofnun þar sem unnið var að úrræðum og fólki bent á leiðir í námi, námskeið og hæfniþróun. Miðstöðin aðstoðaði við að ná til hópsins með því að hringja og benda fólki á námssamninga sem VMST bauð uppá. Margir nýttu sér það tækifæri og hófu nám hjá miðstöðinni.

### Raunfærnimat og fyrirtækjaþjónusta

Raunfærnimatsverkefnin voru tvö á árinu. Almenn starfshæfni þar sem 13 manns kláruðu. Farið var af stað með raunfærnimat í leikskólaliða. Ráðgjafar heimsóttu leikskóla á svæðinu til að kynna raunfærnimat og buðu í kjölfarið upp á raunfærnimat í leikskólaliða. Matsaðilar komu frá Borgarholtsskóla og kláruðu 7 einstaklingar matið 2021. Matið var enn í gangi í lok árs og munu hinar sem ekki höfðu klárað, ljúka ferlinu í janúar 2022.

MSS hefur sinnt fyrirtækjaþjónustu eins og best verður á kosið miðað við aðstæður. Náms- og starfsráðgjafar ásamt verkefnastjóra á fyrirtækjasviði tóku viðtöl við starfsmenn á Hotel Aurora. Í kjölfarið var unnin skýrsla um niðurstöður og gerð áætlun um námskeiðshald fyrir starfsmenn.

Þeirri vinnu lýkur á árinu 2022.



## Samvinna – starfsendurhæfing

Hugmyndafræði Samvinnu gengur út á að vinna að heildstæðri úrlausn hindrana þátttakenda á einstaklingsmiðaðan hátt. Þátttakandi er sjálfur virkur í sinni endurhæfingu frá upphafi þar sem hann kemur með virkum hætti að gerð sinnar endurhæfingaráætlunar. Endurhæfingin fer að mestum hluta fram í hópi, t.d. með námskeiðum, fræðslu, hópefli og líkamsþjálfun en á einstaklingsmiðaðan hátt þar sem tekið er mið af þörfum hvers og eins.


Einnig fer endurhæfingin fram einstaklingslega með viðtölum eða þjálfun hjá fagaðilum og launaðri eða ólaunaðri vinnuprufu. Unnið er að því að bæta líkamlega, andlega og félagslega stöðu einstaklinga með það að markmiði að þeir verði tilbúnari í starf á almennum vinnumarkaði eða í áframhaldandi nám. Áhersla er lögð á að efla og virkja hvern þátttakanda með það að markmiði að hann öðlist trú á sjálfan sig og eigin getu. Þátttakendur fá stuðning við að taka á hindrunum sínum og efla styrkleika sína, ásamt þjálfun í að setja sér raunhæf markmið.

Á mynd 1, sjá á næstu síðu, má sjá hvernig skipting var á fjölda þátttakenda á milli mánaða á árinu 2021.

Fjöldi þátttakenda lækkaði frá árinu áður.

Þegar meðaltal er tekið saman fyrir árið eru 62 þátttakendur í hverjum mánuði sem nýttu sér þjónustu Samvinnu en árið 2020 var meðaltalið 65. Opið var í júlí með það að markmiði að gera þjónustuna samfelldari og taka á móti nýjum þátttakendum en lítið var um pantanir frá VIRK um sumarið. Þátttakendur höfðu möguleika á að taka sér sumarleyfi á lengra tímabili en áður þar sem áður hefur verið lokað allan júlí. Atvinnuástandið fór batnandi og vinnumarkaðsúrræði Vinnumálastofnunar voru nýtt til að greiða leið inn á vinnumarkaðinn. Covid-19 hafði ekki eins mikil áhrif á starfið og árið 2020, Samvinna starfsendurhæfing var alltaf opin og fræðslan fór fram á staðnum. Ekki þurfti að fella niður námskeið vegna samkomutakmarkana, einangrunar eða sóttkvíar.

Fjöldi þátttakanda í Samvinnu



Við teljum að vel hafi tekist til og ráðgjafar, starfsfólk og þátttakendur aðlagast sig að þessum erfiðu tímum. Aftur á móti var meira um að þátttakendur Samvinnu voru heima vegna eigin veikinda og veikinda barna sem kom niður á heildarmætingu þeirra. Samstarf við ráðgjafa og sérfræðinga VIRK var gott eins og undanfarin ár.

mynd 1.

### Endurhæfingarleiðir – innihald

Boðið er upp á mismunandi þjónustuleiðir í Samvinnu og fá allir þátttakendur sinn ráðgjafa úr hópi starfsmanna sem heldur utan um þeirra mál og er tengiliður þeirra í endurhæfingunni. Samvinna er í samstarfi við fagfólk úr öðrum þjónustukerfum sem veita þátttakendum aðstoð og stuðning í endurhæfingunni.

Meðal fagfólks og stofnana sem koma að starfinu má nefna félagsráðgjafa, iðjuþjálfara, þroskaþjálfara, náms- og starfsráðgjafa, markþjálfara, fíknifræðing, fjölskyldumeðferðarfræðinga, næringarráðgjafa, fjármálaráðgjafa, íþróttifræðing, sálfræðinga, sjúkraþjálfara, menntastofnanir og námskeiðshaldara. Samstarf við atvinnurekendur er gott og auðveldara að fá vinnuþröfn á almennum vinnumarkaði fyrir þátttakendur heldur en árið á undan.

Samvinna starfsendurhæfing er með þjónustusamning við VIRK starfsendurhæfingarsjóð sem er eini starfsendurhæfingarsjóðurinn á landinu og gilda þar lög nr. 60/2012. Til þess að eiga rétt á þjónustu VIRK starfsendurhæfingarsjóðs þarf fólk að vera með heilsuþrenging sem staðfestur er af lækni og hafa tilvísun frá lækni.

Hjá Samvinnu eru í boði tvær heildstæðar leiðir í starfsendurhæfingu ásamt eftirfylgd.

### Mat á stöðu og starfsendurhæfingarmöguleikum


Um er að ræða endurhæfingu í tvo mánuði eftir markmiðum hverju sinni. Þessi leið er nýtt til að meta raunhæfi þess að hefja markvissa starfsendurhæfingu. Þátttaka einstaklings telst meðal annars fullnægjandi ef honum tekst að mæta og taka þátt í þjónustu sem nemur 12-15 tímum á viku.

### Einstaklingsmiðuð þverfagleg starfsendurhæfing

Á þessari leið er unnið heildstætt með vanda einstaklings með það að markmiði að einstaklingur fari aftur út á vinnumarkað eða í áframhaldandi nám. Gerð er krafa um virkni í 15-20 tíma á viku í bæði hópúræðum og einstaklingsmiðaðri þjónustu.



Fjöldi þátttakanda út frá endurhæfingarleiðum




■ Einstaklingsmiðuð endurhæfing ■ mat á stöðu einstaklings ■ Eftirfylgd — mynd 2.

Eftirfylgd

Eftirfylgd er fyrir þátttakendur sem hafa lokið endurhæfingu og þurfa á stuðningi að halda í námi eða í vinnu.

Á mynd 2. má sjá hvernig þátttakendur skiptast á endurhæfingarleiðirnar.

Fjöldi þátttakanda út frá kynjaskiptingu




■ Konur ■ Karlar ■ Samtals — mynd 3.

Eins og undanfarin ár voru konur í meirihluta í Samvinnu en körlum fjölgaði um 7% frá árinum á undan og voru 36% af þátttakendum árið 2021. Kynjaskiptinguna má sjá á mynd 3.

Aldursdreifing á þátttakendum í Samvinnu er breið, yngstu þátttakendurnir voru 19 ára og sá elsti 56 ára eins og sjá má á mynd 4. Það voru 115 einstaklingar sem nýttu sér þjónustu Samvinnu á árinu sem er fjölgun um 9 einstaklinga frá fyrra ári. Eins og undanfarin ár eru ungir einstaklingar í meirihluta og fjölgar einstaklingum í þeim hópi. 68 einstaklingar eru á aldrinum 19 til 29 ára eða 59% af heildarfjölda.

Aldur þátttakanda



■ Fjöldi þátttakanda eftir aldri — mynd 4.

### Endurhæfingin sérsniðin að einstaklingnum

Endurhæfing hjá Samvinnu er sérsniðin að þörfum hvers og eins. Ávallt er boðið upp á dagskrá/stundaskrá sem er eingöngu fyrir þátttakendur í Samvinnu og skipulögð í 6 vikur í senn. Að venju var dagskráin fjölbreytt og megináherslan á heilsutengda þætti og námskeið sem styðja einstaklinga til þátttöku í atvinnulífinu. Taka þurfti tillit til ýmissa þátta árið 2021 t.d. þegar einstaklingar voru í sóttkví eða ef þeir fundu fyrir einhverjum flensueinkennum.

Að venju gafst þátttakendum tækifæri á að setja upp sína eigin stundatöflu út frá sínum styrkleikum og hindrunum. Ráðgjafar Samvinnu leggja mikinn metnað í að sinna þátttakendum vel með það að markmiði að mæta þörfum hvers og eins. Mikil nýbreytni er í starfinu og fá þátttakendur tækifæri til þess að taka þátt í mótun dagskrárinnar.

Við höldum áfram að bjóða upp á netnámskeiðið „Lifðu betur“ sem fer alfarið fram á netinu. Orri Smáráson, sálfræðingur vann námsefnið ásamt Sigurði Ólafssyni. Námskeiðið byggir á vísindalega viðurkenndri aðferð sem nefnist sáttar- og atferlismeðferð. Boðið var upp á tvö námskeið í hugrænni atferlismeðferð sem nefndist Uppleið. Námskeiðið fór fram seinni partinn og var unnið með einkenni þunglyndis og kvíða, markmið, breytta hugsun og líðan, sjálfsmat og sjálfseflingu ásamt bakslagsvörnum. Lagasmiðjan var á sínum stað á dagskránni, í samstarfi við Tónlistarskóla Sandgerðis og Garðs. Önnur námskeið voru á sínum stað eins og Núvitund í daglegu lífi, Erfið samskipti – uppbyggileg samskipti, Markþjálfun, Heilsu- og starfstengd fræðsla, fjármálanámskeiðið Leiðin til velgegni og sjálfstyrkingarnámskeiðið Draumar og drekar, vinnustofur ásamt hreyfingu svo eitthvað sé nefnt.

Samvinna og náms- og starfsráðgjafadeild MSS skipulögðu tvö stök námskeið fyrir einstaklinga sem eru í þjónustu VIRK en eru ekki í þverfaglegri endurhæfingu hjá Samvinnu. Námskeiðið heitir Vinnusmiðja og var það keyrt einu sinni á vorönn og einu sinni á haustönn. Í framhaldi af námskeiðinu gátu þeir sem treystu sér til farið í vinnuþröfn á almennum vinnumarkaði, sem þrír einstaklingar nýttu sér.

Stór liður í endurhæfingunni er að fá tækifæri á að prufa sig á almennum vinnumarkaði og er Samvinna í samstarfi við fjölmargar stofnanir og fyrirtæki á svæðinu. Sjá mynd 5. Fjölgun var í vinnuþröfn og auðveldara var að fá vinnuþröfn en árið á undan þegar samkomutakmarkanir voru harðari. Fjölgun var einnig hjá þeim sem nýttu sér menntaleiðir og voru leiðirnar mjög fjölbreyttar eins og sjá má á mynd 5.

Menntastofnun – MSS

Fjöldi

Grunnmennt	14
Meðferð matvæla á ensku	9
Virkni og vellíðan erl.	2
Kvikmyndasmiðja	9
Menntastoðir	22
Sölu- markaðs og rekstarnám	2
Sölu- markaðs og rekstarnám á ensku	1
Skrifstofuskóli 1	5
Skrifstofuskóli 2	3
Raunfærnimat	15
Tæknilæsi og tölvufærni	1
Stökkpallur	1
Samfélagstúlkun	3
HAM – Uppleið	26
<b>Samtals</b>	<b>68</b>

Nám og starf utan samvinnu

Fjöldi

FS	4
FB	1
Verzlunarskóli Íslands	1
Borgarholtskóli	1
Keilir	13
Háskóli Íslands	2
Fisktækniskólinn	1
Proment	1
NTV	1
Vinnuþrúfa á almennum vinnumarkaði	32
Stuðningur í starfi	8
<b>Samtals</b>	<b>66</b>

Samvinna er í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki á svæðinu og bætast ný fyrirtæki í hópinn á hverju ári.


Það voru 23 fyrirtæki sem buðu þátttakendum Samvinnu vinnuþrúfu, sum þeirra tóku á móti fleirum en einum.

Um var að ræða 26 einstaklinga í heildina og einhverjir prófuðu fleiri en einn stað. Eftirfarandi fyrirtæki voru í samstarfi við Samvinnu varðandi vinnuþrúfur árið 2021:

*Lager Pennans, grunnskólarnir Holtaskóli og Heiðarskóli, vinnuskóli Suðurnesjabæjar, sumarnámskeið Reykjanesbæjar, Hæfingarstöðin, leikskólarnir Gefnarborg og Tjarnarsel, Hrafnista á Nesvöllum og Hlévangi, Cargo flutningar, Kapalvæðing, Björgin geðræktarmiðstöð, veitingarstaðirnir Library bistro, Malai – Thai, Vietnam Market ehf. og Soho, Bus4you, Algalíf, Snyrtistofan Carisma, Kökulist, Kaffihús á Hellu og Trésmíðaverkstæði Stefáns og Ara Keflavíkurkirkja, Selið dagdvöl aldraðra og Library.*  
Mynd 5.

Framfærsla þátttakanda við útskrift 2020

Mynd 6.



■ Annað ■ Laun ■ Örorkulífeyrir ■ Endurhæfingarlífeyrir  
 ■ Atvinnuleysisbætur ■ Fjárhagsaðstoð Sveitarfélaga

Framfærsla


Tekið var saman hver framfærsla og virkni þátttakanda var við útskrift frá Samvinnu árið 2021 sem sjá má á næstu tveimur myndum mynd 6 og mynd 7.

Alls voru 31% með laun á almennum vinnumarkaði sem er fjölgun frá árinu áður. Það sem flokkast undir annað eru þeir þátttakendur sem ekki voru með neinar tekjur við útskrift svo sem fæðingarstyrkur, engar tekjur eða ekki vitað. Þátttakendur sem fengu örorkulífeyri voru 5% og endurhæfingarlífeyri frá TR voru 28%. Þeir sem fengu fjárhagsaðstoð sveitarfélaga voru 1% sem er lækkun frá síðasta ári. Það var enginn á námslánnum og 16% á atvinnuleysisbótum.



**Virgni þátttakanda við útskrift 2020**

Mynd 7.



■ Launað starf ■ Endurhæfing ■ Nám ■ Atvinnuleit ■ endurhæfing Virk. ■ Annað

Á mynd 7 má sjá að 55% þátttakenda voru í launuðu starfi, atvinnuleit eða námi og er það fjölgun frá fyrra ári sem var 35%. 20% þátttakenda var vísað í önnur endurhæfingar-úrræði í félags- og heilbrigðiskerfinu og er það fækkun frá árinu 2021 sem var 33%.

Þátttakendur sem hættu í þjónustu hjá Samvinnu en voru áfram í endurhæfingu sem ráðgjafar VIRK héldu utan um voru 6% en árið 2019 voru 13% áfram í endurhæfingu hjá VIRK. 19% af þátttakendum voru flokkaðir í annað sem getur verið fæðingarorlof, heimavinnandi eða engin skipulögð virkni.



### Samantekt

Fjölgun á þátttakendum var á milli árána 2020 og 2021. Það voru 115 einstaklingar sem nýttu sér þjónustu Samvinnu árið 2021 en 106 árið 2020.

Starfsmenn Samvinnu voru betur undirbúnir undir árið 2021 en árið á undan þegar samkomutakmarkanirnar byrjuðu vegna Covid-19. Við þurftum ekki að loka vegna samkomutakmarkana og ekki var mikið um veikindi hjá námskeiðshöldurum. Ákveðið var að hafa opið í Samvinnu í júlí og gátu þátttakendur valið sér frí yfir sumarið. Þetta var gert til að samfella yrði í þjónustu og til að mæta þeim einstaklingum sem byrjuðu í þjónustu um sumarið. Það var hins vegar ekki mikið um tilvísanir frá VIRK á þessum tíma. Vinnumarkaðurinn tók við sér um mitt árið og auðveldara var fyrir þátttakendur að fá vinnu. Skipulagðar voru stundaskrár sex vikur fram í tímann eins og undanfarin ár með ýmsum þemavikum og uppbrotum á starfinu sem gefist hefur vel.

Þannig fær hver þátttakandi sína eigin stundaskrá og velur sjálfur námskeið eða leið miðað við sínar hindranir og markmið.

Sí- og endurmenntun starfsmanna er mikilvægur þáttur í starfi MSS. Fjórir ráðgjafar vinna í Samvinnu og fóru tveirráðgjafar á námskeið sem heitir Bjargáðin 9 og byrjuðu á undirbúningi og lögðu drög að námskeiði fyrir þátttakendur Samvinnu. Hinar tvær fóru í framhaldsnám í heilbrigðisvísindum með áherslu á geðheilbrigðisfræði við Háskólann á Akureyri.

Samstarf ráðgjafa Samvinnu við ráðgjafa VIRK á Reykjanesi er til fyrirmyndar og voru fundir haldnir með þeim reglulega auk samskipta vegna sameiginlegra mála.

Þjónustukerfi VIRK sem ber innra heitið Yoda er í sífelldri þróun og hafa ráðgjafar Samvinnu aðlagð sig að breytingum hverju sinni. Ráðgjafar Samvinnu sátu rýni með sérfræðingum og ráðgjöfum VIRK þar sem skoðuð er framvinda hvers einstaklings og gerð áætlun um næstu skref.



## Erlend verkefni

### Erasmus+ Creative and Design Thinking

Verkefnið **CDTMOOC** er unnið í samstarfi við stofnanir frá Ítalíu, Finnlandi, Frakklandi og Lúxemborg og hófst árið 2019. Þetta er samstarf háskóla, hönnunarmiðstöðvar, leikjaframleiðanda og fullorðinsfræðslu. Þessi fjölbreytni þátttakenda býður upp á þverfaglega nálgun á verkefnið sem er mikill styrkur.

**CDTMOOC** verður gagnvirkur vefur sem mun bjóða upp á ný verkfæri til að aðstoða fólk við að þróa sig áfram sem frumkvöðla eða jafnvel finna hvort nýsköpun og frumkvöðlun sé eitthvað sem vekur áhuga.

Einn hluti verkefnisins er að þróa hugmyndafræði þar sem Lego kubbar eru notaðir í markvissum tilgangi til að efla skapandi hugsun og einnig er mikil vinna lögð í að leikja-væða (e. gamifications) námsefni með tölvuleik sem er hannaður fyrir alla hvort sem það eru nemendur, starfsfólk fyrirtækja eða fólk í leit að atvinnutækifærum sem vill máta sig í nýsköpun og frumkvöðlun.

Safnað hefur verið dæmum um góða starfshætti í nýsköpun sem eru til fyrirmyndar í þeim löndum sem taka þátt í verkefninu og síðan kusum við bestu starfshættina til að vinna út frá.

Nám fyrir frumkvöðla er nú að verða fullklárað og verður aðgengilegt á heimasíðu verkefnisins í formi námleikjar. Námskeiðið verður opið öllum en við í MSS munum tilraunakeyra það á vordögum 2022.

Afurðir verkefnisins svo sem handbækur og skýrslur til stuðnings menntunar og frumkvöðlastarfsemi á Íslandi má sjá á [cdtmooc.eu](http://cdtmooc.eu).

Fyrri hluta ársins 2021 voru fundir þátttakendanna í verkefninu eingöngu á netinu og hittist hópurinn yfirleitt vikulega.



Í nóvember fóru tveir starfsmenn til Nante í Frakklandi til að hitta hópinn og vinna áfram með verkefnið. Það var gott að geta loks hist og vannst vel á þessum tveim dögum við framgang **CDTMOC** verkefnisins.

### **Nordplus Voksen - Brúum bilið**

Nordplus verkefnið Brúum bilið sem nefnist á ensku Bridging the gap between teaching and research tengist starfsþróun kennara. Markmið verkefnisins er eins og nafnið gefur til kynna að brúa bilið á milli kennslu og rannsókna og veita kennurum tækifæri til þess að skoða starf sitt með augum rannsakandans.

Samstarfsaðilar MSS í verkefninu koma frá Danmörku og Finnlandi. Í University College Absalon í Danmörku og Ottavia educational service í Finnlandi er m.a. boðið uppá kennaramenntun og samstarfsaðilar okkar í verkefninu starfa við skipulagningu náms fyrir kennaranema og starfsþróunar fyrir starfandi kennara.

Verkefnið fólst í því að skipuleggja námskeið fyrir starfandi kennara þvert á skólastig. Námskeiðið var sett upp á kennslukerfinu **MOODLE** þar sem allt efni var og er aðgengilegt. Námskeiðinu var skipt upp í fjóra þætti sem nefndir voru Discover, Explore, Collect og Share.

Í hverjum námshluta fengu þátttakendur verkfæri sem innihélt myndband sem útbúið var af skipuleggjendum. Gögn þar sem farið var yfir aðferðafræði sem átti við hverju sinni.

Námskeiðið var byggt á vinnustofum þar sem kennarar fengu tækifæri til þess að skoða ákveðið atriði, verkefni eða áskorun í eigin starfi. Hönnun námskeiðsins var með þeim hætti að verkefni og skipulag var gert sérstaklega aðgengilegt og ekki gerð krafa um miklar fræðilegar ígrundanir heldur frekar lögð áhersla á að kennarar fengu stuðning við starfsþróun, við að leita nýrra leiða og lausna við áskorunum sem þeir mættu í starfi sínu.

Þátttakendur fengu tækifæri til þess að tengjast á milli landa og fengu innsýn í áskoranir og hugmyndir kennara frá Finnlandi sem einnig tóku þátt í námskeiðinu.

Haldnir voru fjarfundir þar sem þátttakendur frá Íslandi og Finnlandi komu saman og deildu reynslu sinni af hverjum námshluta. Einnig gafst þeim kostur á að nýta hugmyndir frá hvor öðrum.

Í lok verkefnis þá voru þátttakendur fengnir til þess að veita endurgjöf á námskeiðinu. Var það áhugavert að þátttakendur frá Finnlandi voru sáttari við fjarfundina heldur en þeir íslensku.

Þátttakendur frá Íslandi þóttu betra þegar þeir voru einungis á staðnum með leiðbeinendum og gátu skiptst á skoðunum og farið í hugmyndavinnu saman.

Þátttakendur frá Finnlandi voru og eru kennarar í fjar-kennslu og því er sá möguleiki fyrir hendi að þau hafi verið vanari þess konar vinnuaðstæðum. Aftur á móti voru báðir hópar mjög ánægðir með þau verkefni sem gerð voru sem og að efla tengslanet sitt.

Verkefnið hófst í ágúst 2019 og lauk árið 2021.

### Erasmus+ - Cyber Clever

Erasmus verkefnið „Cyber Clever“ hefur það að markmiði að hanna, innleiða og meta þjálfunarpakka fyrir kennara í starfsfræðslu og aðra fullorðna námsmenn þar sem ætlunin er að auka vitund um upplýsingaöryggi. Hugmyndin er innblásin af GenCyber námskeiðunum frá Bandaríkjunum.

Í upphafi er lagt upp með fimm daga námskeið sem inniheldur eftirfarandi námskeiðspætti:

1. Persónuvernd (Privacy)
2. Upplýsingaöryggi (Cyber-security)
3. Samfélagsmiðlar og hreint umhverfi á Internetinu (Social media and Internet hygiene)
4. Stafræn áhætta og varnir (Digital vulnerability)
5. Aðferðir til hökkunar og lykilorð (Hacking methods and password security)

Árin 2020 og 2021 var að mestu unnið í verkefninu gegnum fjarfundabúnað.

Áætlaðir voru fimm fundir þar sem þátttakendur hittast og vinna stíft saman í nokkra daga.

Í lok árs 2021 heimsóttu samstarfsfélagar okkar Ísland og haldnir voru vinnufundir í húsnæði MSS, þar sem farið var yfir kennsluáætlanir fyrir dagana fimm, en hver þjóð hefur umsjón með því að þróa einn slíkan námskeiðsdag í samræmi við heildaráætlun fyrir allt námskeiðið.

Ætlunin er að þýða námskeiðið yfir á öll tungumál þátt-tökulandanna. MSS mun geta boðið fyrirtækjum og fullorðnum námsmönnum upp á þátttöku í slíku námskeiði á fyrri hluta ársins 2023.

Þegar kemur að upplýsingaöryggi er fyrirtækið ekki sterkara en veikasti hlekkurinn. Það verður gagnlegt fyrir fyrirtæki og fólk almennt að kynnast undirstöðuatriðum upplýsingaöryggis á lifandi og skemmtilegu námskeiði hjá MSS.

Verkefnið hófst í september 2020 og mun væntanlega ljúka í september 2022.

#### Erasmus+ - Concept note

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum tekur þátt í verkefni með samstarfsfélögum frá Ítalíu, Þýskalandi, Rúmeníu og Spáni.

Verkefnið miðast að því skoða þarfir innflytjenda með litla eða enga tungumálakunnáttu fyrir utan móðurmál sitt, varðandi starfsþjálfun og eflingu.

Fundin voru dæmi um góðar starfsaðferðir í hverju landi fyrir sig og valin úr þeim bestu dæmin. Jafnframt voru stofnaðir rýnihópar og niðurstöður þeirra greindar til að fá fram fræðilega þekkingu til að byggja starfsfræðsluna á. Þátttakendur hafa unnið að gerð myndbanda sem gætu verið hluti af mögulegri starfsþjálfun markhópsins.

MSS tók að sér að gera myndbönd um ýmis þrifastörf og eru þau myndbönd tilbúin.

Starfsmenn Hótels Keflavíkur voru mjög styðjandi í þessu verkefni og erum við þakklát fyrir það og sérstaklega fær þrifadeild þeirra okkar bestu þakkir. Hin þátttökulöndin eru að gera myndbönd um garðyrkju, handverk, aðstoð í eldhúsi og aðstoð við vélavinnu.

Einnig eru tilbúin myndbönd og leiðbeiningar um samstarf á vinnustað og náms- og starfseflingu.

Tveir starfsmenn fóru til Rúmeníu í byrjun september á fyrsta fund verkefnisins og var tilefnið einnig að þjálfa og mennta þátttakendur til að búa til vídeó, app, notkun Legó kubba við ráðgjöf og fleira sem tilheyrir efninu. Þessi ferð var einnig mikilvægt innlit í rúmenska menningu þar sem þeir eru í vaxandi mæli hluti af markhóp okkar.

Í nóvember fóru sömu starfsmenn á fund við félagana í Ropida á Spáni og var unnið áfram með myndbanda-verkefnið.

Frekari upplýsingar um verkefnið og hluta af afurðum þess má finna á heimasíðu þess <https://ip4j.eu/> eða fésbókarsíðu <https://www.facebook.com/ip4j.eu>.

Verkefnið hófst árið 2020 og mun ljúka árið 2023.

#### Erasmus+ - Echo Play

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum tekur þátt í verkefni með samstarfsfélögum frá Finnlandi, Ítalíu og Frakklandi. MSS stýrir verkefninu.

Verkefnið miðar að því að nota fjölbreyttar rannsóknar- aðferðir; til að skoða nýjar leiðir til að styðja við fólk í námi eða vinnu og til að efla hæfni þeirra, til að finna þann starfsferil eða nám sem því hentar best.

Einnig er stefnt að því að þau tæki/verkfæri sem verða afurð verkefnisins henti fyrirtækjum til að skoða starfs- og endurmenntun með starfsmönnum sínum.

Hugtakið ráðningarhæfni er rauði þráðurinn í verkefninu og miðar verkefnið að því að fyrirtæki og einstaklingar geti greint þarfir sínar og óskir á móts við þarfir vinnumarkaðarins.

Það er gert með því að rannsaka góð dæmi um starfsaðferðir í öllum þáttökulöndunum og velja bestu dæmin úr þeim. Einnig var framkvæmd rannsókn þar sem rýnihópar sem samanstanda af kennurum, nemendum, stjórnendum og starfsmönnum fyrirtækja tóku þátt og niðurstöðurnar voru greindar út frá efninu.

Jafnframt voru fundnar góðar fyrirmyndir/tilfelli þar sem þessir góðu starfshættir eru að virka vel.

Stuðst er við aðferðir leikjavæðingar til að búa til borðspil til að efla þátttakendur og leiðbeinendur þjálfaðir til að nota Lego kubba eftir ákveðinni hugmyndafræði í sama tilgangi. Leikirnir eru byggðir á rannsóknum verkefnisins og reynslu sérfræðinga þess. Nánari upplýsingar ásamt skýrslu og niðurstöðum rannsóknar um ráðningarhæfni er að finna á [echooplay.eu](http://echooplay.eu). Skýrslur og rannsóknir eru á ensku og á tungumáli hvers þáttökulands.

Haldinn var einn fundur á árinu þar sem þátttakendur hittust og var hann haldinn á Ítalíu.

Verkefnið hófst í desember 2020 og því mun ljúka árið 2023.



**ECHOO**

**PLAY**

## Þróunarverkefni – Fagleg fyrirtækjafræðsla



Á árinu lauk þróunarverkefni sem unnið var með Fræðsluneti símenntunar á Suðurlandi og ber heitið Fagleg fyrirtækjafræðsla. Verkefnið kom til af þeirri ástæðu að höfundar töldu þörf vera til staðar meðal starfsfólks fræðslumiðstöðva fyrir efni sem gæti stutt við þá aðila sem sinna þarfagreiningum og fræðslu fyrirtækja.

Einnig töldu höfundar að rými væri til þess að auka fagleg vinnubrögð og gæði í fræðsluþjónustu við fyrirtæki.

Þróunarverkefnið fólst í því að hanna og útfæra módel sem heldur utan um ferla þarfagreininga og fræðslu frá upphafi til enda. Með módelinu verður vinnuferlið skýrara bæði fyrir fræðsluaðilann sem framkvæmir þarfagreininguna og einnig fyrir fyrirtækið sem í hlut á hverju sinni.

### Markmið verkefnisins eru:

- Að búa til gæðaferla í fyrirtækjafræðslu með áherslu á:
  - » Að fræðsla og þjálfun sé metin á forsendum fyrirtækisins.
  - » Að fyrirtækjaþjónusta fræðsluaðila sé metin samkvæmt gæðastöðlum.
- Að búa til handbók, sem nýtist fræðslumiðstöðvum í fyrirtækjafræðslu.
- Að hafa alla framsetningu einfalda, myndræna og hagnýta.
- Að módelið sé notað í verkefnastjórnunarhugbúnaði.
- Að afraksturinn sé öllum opin.

Módelið byggir á nokkrum einingum og á hverri einingu eru gátlistar. Listarnir eru vörður, sem eiga að leiðbeina fræðsluaðilanum skilvirka og faglega leið.

Mikil áhersla er á sjálfsmat og eftir hvern þátt móðelsins fylla fræðsluaðilar út sjálfsmat þar sem þeir meta hvernig framkvæmdin tókst til. Einnig er lögð áhersla á mat og endurgjöf frá fyrirtækinu sem unnið er með hverju sinni.

Verkefnið var styrkt af Fræðslusjóði. Verkefnið hófst vorið 2018 og lauk vorið 2021. Kynning á verkefninu fór fram í mars 2022.

### Microsoft Teams og starfaprófill leiðbeinanda í fullorðinsfræðslu

Markmið verkefnisins er að hanna námskeið í þeim tilgangi að undirbúa og styrkja leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu fyrir árangursríka fjarkennslu á netinu með Microsoft Teams sem kennslukerfi.

Sérstök áhersla verður lögð á að þátttakendur noti hæfni viðmið fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur gefið út.

Afurð verkefnisins eru 18 myndbönd um notkun Teams fyrir kennslu, viðtal á myndbandi við Hróbjart Árnason lektor við Háskóla Íslands í fullorðinsfræðslu um starfaprófill og hæfniramma leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu, auk 30 kennslustunda námskeiðs sem hægt er að halda á netinu (með Teams) eða í skólastofu. Námskrá, kennsluáætlun, verkefnahefti, verkefnaveggir og námsumsjónarkerfi í Teams hefur verið undirbúið.

Verkefnið hófst um haustið 2021 og er gert ráð fyrir að því ljúki á árinu 2022.

**Verkefnið var styrkt af Fræðslusjóði.**



# Ársreikningur



# Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða.

Markmið Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum er að efla endur- og símenntun Suðurnesjamanna, samstarf atvinnulífs og skóla og tengsl grunn- og endurmenntunar. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum býður einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum námskeið sem ekki heyrta beint undir formlengt námsframboð skóla og er hér einkum átt við frístundanám og starfstengd námskeið og námskeiðaraðir. Kennslu í Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum er hagað þannig að hún hæfi fullorðnum.

## Starfsemin á árinu

Tekjur umfram gjöld félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	1.464.416
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	205.964.664
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	156.595.581
Eiginfjárlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	76,0%
Fjöldi ársverka á árinu nam.....	18,9

## Óvissuþættir og ytra umhverfi

Stjórnendur hafa metið áhrif COVID-19 faraldursins á rekstur og reikningsskil félagsins sem óveruleg, sjá nánari umfjöllun í skýringu nr. 10.

## Tillaga stjórnar

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

## Yfirlýsing stjórnar og forstöðumanns

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum ses. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum ses. staðfestir hér með ársreikning félagsins

Reykjanesbær, 3. maí 2022

## Í stjórn

  
Kristin María Birgisdóttir  
stjórnarformaður

  
Ellert Eiriksson

  
Guðlaug Pálsdóttir

  
Ólafur Magnússon  
  
Halldóra Friða Þorvaldsdóttir

## Förstöðumaður

  
Guðjónína Sæmundsdóttir



## Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur .....		436.077.893	376.035.258
Aðrar tekjur .....		6.539.765	563.812
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	4	(224.584.756)	(199.985.774)
Annar rekstrarkostnaður .....		(209.621.055)	(173.566.802)
Afskriftir fastafjármuna .....	6	(7.608.681)	(6.390.905)
<b>Rekstrarniðurstaða</b>		<u>803.166</u>	<u>(3.344.411)</u>
Fjármunatekjur .....		1.369.940	8.536.282
Fjármagnsgjöld .....		(708.690)	(380.717)
	5	<u>661.250</u>	<u>8.155.565</u>
<b>Tekjur umfram gjöld</b>		<u><u>1.464.416</u></u>	<u><u>4.811.154</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	15.915.976	14.081.477
Fjárfestingarverðbréf .....		100.000	100.000
		<u>16.015.976</u>	<u>14.181.477</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		20.999.418	16.360.922
Aðrar skammtímakröfur .....		4.900	4.900
Handbært fé .....		168.944.370	169.767.256
		<u>189.948.688</u>	<u>186.133.078</u>
<b>Eignir</b>		<u>205.964.664</u>	<u>200.314.555</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	8	156.595.581	155.131.164
<b>Eigið fé</b>		<u>156.595.581</u>	<u>155.131.164</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		6.823.859	7.392.362
Aðrar skammtímaskuldir .....		42.545.224	37.791.029
		<u>49.369.083</u>	<u>45.183.391</u>
<b>Skuldir</b>		<u>49.369.083</u>	<u>45.183.391</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>205.964.664</u>	<u>200.314.555</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarniðurstaða .....		803.166	(3.344.411)
Afskriftir .....		7.608.681	6.390.905
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		8.411.847	3.046.494
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun .....		(4.638.496)	4.353.700
Rekstrartengdar skuldir, hækkun .....		4.185.693	2.514.205
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		7.959.044	9.914.399
Innborgaðir vextir og arður .....		1.369.940	8.536.282
Greiddir vextir .....		(708.690)	(380.717)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>8.620.294</b>	<b>18.069.964</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	(9.443.180)	(16.644.233)
		(9.443.180)	(16.644.233)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
		0	0
		0	0
(Lækkun), hækkun handbærs fjár .....		(822.886)	1.425.731
Handbært fé í upphafi árs .....		169.767.256	168.341.526
Handbært fé í lok árs .....		168.944.370	169.767.256